

**Fimmtugasti og fyrsti fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn 16. apríl 2020 í samkomusal Sjálfstæðisflokksins að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi. Fundurinn hófst kl: 17:00.**

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Arna Hagalínsdóttir, Árni Davíðsson og Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

Eftirfarandi embættisfærslur heilbrigðiseftirlits voru lagðar fram.

#### 1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og tóbaksleyfi.

- a. Hermann Ingólfsson f.h. Ferðapjónustunnar Hjalla ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri veitingastaðar Kaffi Kjós að Meðalfellsvegi í Kjósarhreppi.  
Starfsleyfið var gefið út til 12 ára þann 2. mars 2020 með gildistíma frá 1. apríl 2020 til 1. apríl 2032.
- b. Seltjarnarnesbær sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir 9 opin leiksvæði og 3 sparkvelli á Seltjarnarnesi.  
Heilbrigðiseftirlitið samþykkti leyfið þann 1. apríl 2020 til 12 ára með vísun í staðal um leikvallatæki ÍST EN 1176-1:2008 hvað varðar hönnun og frágang.

#### Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna.

- c. Abltak ehf. sækir um niðurrif á á Lambastaðabraut 14, Seltjarnarnesi : Starfsleyfið var auglýst frá 17. janúar 2020 til og með 14. febrúar 2020. með starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrifi húsa. Engar athugasemdir bárust og var starfsleyfið gefið út þann 18. febrúar 2020 með gildistíma til 17. maí 2020 með framangreindum starfsleyfisskilyrðum.
- d. Atlantsolía ehf sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir sjálfsafgreiðslu á eldsneyti að Sunnukrika 2, Mosfellsbæ. Starfsleyfið var auglýst á vef Heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis frá 6. febrúar – 27. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust. Starfsleyfi var gefið út til 12 ára þann 2. mars 2020 með auglýstum skilyrðum fyrir starfsemina.
- e. Bílalökkun ehf sækir um starfsleyfi fyrir bifreiðasprautun og réttingar að Völuteigi 11, Mosfellsbæ. Starfsleyfið er auglýst frá 18. febrúar - 10. mars 2020 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bifreiðasprautun. Engar athugasemdir bárust. Starfsleyfi var gefið út til 12 ára þann 11. mars 2020 með auglýstum skilyrðum fyrir starfsemina.

### 2. Umsagnir

Eftirfarandi embættisfærslur heilbrigðiseftirlits voru lagðar fram.

#### Umsagnir um erindi sýslumanns.

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 21. október 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Ís-grill ehf. kt. 600819-1430, til reksturs á veitingastað í flokki II, tegund veitingastofu og greiðasölu að Háholti 14 í

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. mars 2020.

- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 29. mars 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Nesveitingar kt. 540219-1760, til reksturs á veitingastað í flokki II, tegund veitingastofu og greiðasölu í Golfskála Ness á Seltjarnarnesi.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 24. mars 2020.

- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 24. mars 2020 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir M.K. Bílaleigu ehf. kt. 640502-4440, til reksturs á gististað í flokki II, tegund íbúð að Látraströnd 54 á Seltjarnarnesi.

Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 25. mars 2020.

### Umsagnir um skipulag.

- d. Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur

Lagt fram tölvubréf byggingarfulltrúans í Kjósarhreppi dagsett 17. mars 2020 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur dagsett 17. febrúar 2020.

Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um málið dagsett 17. mars 2020.

- e. Deiliskipulagstillaga fyrir frístundalóðir Flekkudal við Meðalfellsvatn.

Lagt fram tölvubréf Skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps dagsett 17. mars 2020 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um tillögu: Flekkudalur í Kjósarhreppi Deiliskipulag frístundalóða dagsett 3. september 2019.

Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um málið dagsett 17. mars 2020.

### 3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2019

Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2019 var lögð fram.

### 4. Covid 2019

- a. **Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur unnið skv. viðbragðsáætlun**

Almannavarna vegna heimsfaraldurs nú á neyðarstigi. M.a. hefur órofinn rekstur verið tryggður með fullkomnum aðskilnaði starfsmanna í tíma og rými.

Birgðastaða vegna hlífðarbúnaðar hefur verið uppfærður. Þar sem gnótt upplýsinga berast frá Landlækniseimbætti um smiðvarnir fyrir fyrirtæki og almenning hefur heilbrigðiseftirlitið kosið að vísa á þau gögn frekar en að útbúa ný.

- b. Lagðar voru fram verklagsreglur Umhverfisstofnunar um smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs.

### 5. Vatnsvernd

- c. Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði

höfuðborgarsvæðisins nr. 130, dagsettur 26. febrúar 2020 var lögð fram.

- d. Ársskýrsla Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2019 var lögð fram.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- e. Lagt fram bréf formanns framkvæmdastjórnar um vatnsvernd til Almannaþingarinnar á höfuðborgarsvæðisins dagsett 28. febrúar 2020 um vöktunaráætlun með öryggi neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu komi til eldgoss á Reykjanesi.

### **6. Skýrsla Eflu um ástand Brúarlands**

Lögð fram skýrsla Eflu um ástand Brúarlands og verkefnaáætlun Eflu fyrir viðgerðir í Varmárskóla og Brúarlandi.

### **7. Fráveita Seltjarnarness**

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis með fráveitu Seltjarnarness dagsett 25. febrúar 2020 var lögð fram.

### **8. Starfslok framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna.

Árni vék af fundi í umræðu um þetta mál.

### **9. Önnur mál**

- a. Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvælum, fóðri o.fl. var lögð fram.
- b. Spurningalisti KPMG vegna úttekar á Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og fleiri stofnana.

Fundi var slitið kl. 20.21